



### Samstarf við Suðurland FM 96,3

Næsta mánuðinn mun Árborg fara í samstarf við Suðurland FM 96,3 varðandi forvarnir og málefni ungs fólks. Unglingar munu lesa inn auglýsingar um forvarnartengd mál sem verða spilaðar reglulega í útvarpinu allan mánuðinn. Einnig verða vikuleg viðtöl við fulltrúa úr forvarnarhópnum og ungt fólk sem hefur skoðanir á þessum málaflokki.



### Kátir dagar og Flóafár í FSu – gleði og þekking

Dagana 27. febrúar til 1. mars fóru fram Kátir dagar og Flóafár í Fjölbrotaskóla Suðurlands, FSu. Þessa daga er kennsla brotin upp og starfsfólk og nemendur skemmta sér saman. Fjölbreytt dagskrá var í boði með námskeiðum og fyrirlestrum í bland við léttleika og skemmtun.



### Áherslur í forvarnarmálum fyrir næsta starfsár – ábendingar frá þér!



Nú er vinna að forvarnadagskrá fyrir næsta vetur í fullum gangi. Að vinnunni koma margir aðilar eins fulltrúar skóla, foreldra, lögreglu, félagsþjónustu, íþróttafélaga, heilsugæslu, félagsmiðstöðvar og menningarmála ásamt forvarnarfulltrúanum sjálfum. Góðum hugmyndum er samt ávallt vel tekið og því viljum við endilega fá ábendingar frá þér. Sendu þína hugmynd eða ábendingu í vefpósti á [gunnars@arborg.is](mailto:gunnars@arborg.is) og hjálpaðu okkur að stuðla að betri forvörnum.

### Félagsmiðstöðin Zelsiuz með reglulegt starf fyrir krakka í 5. – 7. bekk



Nú í byrjun mars hófst reglulegt starf í félagsmiðstöðinni Zelsiuz fyrir krakka sem eru á aldursbilinu tíu til tólf ára. Opið er á þriðjudögum og fimmtudögum á milli kl. 14:00 og 16:30. Á þriðjudögum er áhersla á opið starf, atburði eins og böll, opin hús, leiki og kvikmyndasýningar á meðan fimmtudagarnir verða eyrnamerkir starfi fyrir minni hópa. Þar verða í boði ýmiss konar námskeið, smíðjur og ferðir og mun fer fram skráning í alla þá viðburði. Með þessu starfi vill félagsmiðstöðin bjóða upp á fleiri möguleika í félagslífi krakkanna í 5. – 7. bekk. Nánari upplýsingar á heimasíðu Zelsiuz – [www.zelsiuz.is](http://www.zelsiuz.is)